

Nd.

331. Nefndarálit

[95. mál]

um frv. til l. um breyt. á leiklistarlögum, nr. 33 12. maí 1977.

Frá menntamálanefnd.

Í nágildandi leiklistarlögum er kveðið svo á að leiklistarráð skuli „stuðla að stefnumótun“ á sviði leiklistarmála og sætti þetta orðalag nokkrum deilum á sínum tíma er lögín voru sett. Nefndin er sammála um að þetta orðalag geti ýtt undir þann skilning, að leiklistarráð eigi að hafa áhrif á hvaða listrænum tókum listamenn taka viðfangsefni sitt. Sá var þó ekki skilningur lagasmíða, eins og kom skýrt fram í umræðum vorið 1977. Til þess því að eyða tortryggni í þessum efnun leggur nefndin til að ákvæðið um stefnumótun leiklistarráðs verði fellt úr lögunum, en í stað þess komi almennt ákvæði um hlutverk ráðsins. Væntir nefndin þess, að orðalagið, sem hún leggur til, geti orðið leiklistarráði visbending um hlutverk sitt í þágu leiklistar í landinu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGU :

Á eftir 1. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:

I. töluliður 4. gr. laganna orðist svo:

Að vera vettvangur umræðna um leiklistarmál og stuðla að því að leiklistarstarfi séu búin þroskavænleg skilyrði.

Ingvar Gíslason var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 31. jan. 1979.

Svava Jakobsdóttir,
form., frsm.

Jónas Árnason.

Sighvatur Björgvinsson.

Ólafur G. Einarsson,
með fyrirvara.

Ellert B. Schram,
með fyrirvara.

Eiður Guðnason.